

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 13. apríl 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytt er fyrirkomulagi gatnamóta Suðurlandsvegur og Bæjarháls.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 25. apríl 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á legu brúar yfir ósa Héraðsvatna.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðherra þann 20. apríl 1994 staðfest legu brúar yfir ósa Héraðsvatna á mörkum Rípurhrepps og Skarðshrepps, Skagafjarðarsýslu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19 21. maí 1964 mæla fyrir um. Sveitarstjórnir Rípurhrepps og Skarðshrepps hafa samþykkt uppdráttinn og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 22. apríl 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.